

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka IV A við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárn.</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01.-31.12.10	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01.-31.12.10	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	01.01.-31.12.10	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.-31.12.10	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 2009.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
Arnór Snæbjörnsson.